



2.2 6. kyu = hvítt belti

Allir byrjendur í júdó eru 6.kyu og börn 10 ára og yngri geta ekki hækkað upp úr þeirri gráðu fyrr en á 11. ári. Judokar 10 ára og yngri skulu leysa neðangreind verkefni og fá viðeigandi strípur á beltisenda af því loknu.

Verkefni 10 ára og yngri eru eftirfarandi:

Allir:	Fyrsta önn:	Ushiro-ukemi (fallæfing á bakið), Yoko-ukemi (fallæfing á hlið) og skilja rei.
	Önnur önn:	Mae-mawari-ukemi (Júdókollhnís) og skilja Hajime, Matte, Soremade, Tori og Uke.
	Þriðja önn:	Skilja stigagjöf “Koka, Yuko, Wasaari, Ippon“ og “Shido” (refsistig)
	Fjórða önn:	Skilja “Osaekomi” (fastatak hefst) og “Toketa” (fastatak rofið) Kunna að binda beltið.
6 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari
	Seinni önn:	Kesa-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losa sig úr því.
7 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari og Ouchi-gari
	Seinni önn:	Kuzure-kesa-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losa sig úr því.
8 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari og Ouchi-gari
	Seinni önn:	Koshi-guruma, Yoko-shiho-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losna.
9 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari, Ouchi-gari, Koshi-guruma
	Seinni önn:	O-goshi, Kami-shio-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losna.
10 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari, Ouchi-gari, Koshi-guruma, Kesa-gatame (komast í bragðið og losna)
	Seinni önn:	Renraku-waza (bragðfléttur) Koshi-guruma → O-soto-gari, O-uchi-gari → Kesa-gatame

Litir (strípur) settar á enda hvíttra belta í þessari röð: Fjólublá - Svört - Rauð - Græn - Blá. Börn 6 ára og yngri fá fjólubláa strípu fyrir hverja önn þar til þau verða 7 ára. Fyrri önn telst vera Janúar til Maí og seinni önn September til Desember.

Litir belta í gráðukerfi JSÍ fyrir 10 ára og yngri.

Hvítt belti + fjólubláar strípur = 6 ára og yngri (Ein strípa fyrir hverja önn þar til 7 ára)	
Hvítt belti + svört strípa = 7 ára fyrri önn (Jan-Maí)	
Hvítt belti + 2 svartar strípur = 7 ára seinni önn (Sept-Des.)	
Hvítt belti + rauð strípa = 8 ára fyrri önn (Jan-Maí)	
Hvítt belti + 2 rauðar strípur = 8 ára seinni önn (Sept-Des.)	
Hvítt belti + græn strípa = 9 ára fyrri önn (Jan-Maí)	
Hvítt belti + 2 grænar strípur = 9 ára seinni önn (Sept-Des.)	
Hvítt belti + blá strípa = 10 ára fyrri önn (Jan-Maí)	
Hvítt belti + 2 bláar strípur = 10 ára seinni önn (Sept-Des.)	

Dæmi:

Samkvæmt þessum strípum hefur judoka æft í 2 1/2 ár, byrjað 8 ára á seinni önn og hefur lokið síðustu önn sem 10 ára.	
---	--




ÚR GRÁÐUREGLUM JSÍ



Litir belta í gráðukerfi JSÍ fyrir 11 ára og eldri.

Allir byrja með hvítt belti.



Fyrri hluti 5. kyu. Hvítt belti með gulri rönd



Fyrri hluti 4. kyu. Hvítt belti með appelsínugulri rönd



Fyrri hluti 3. kyu. Hvítt belti með grænni rönd



Fyrri hluti 2. kyu. Hvítt belti með blárrí rönd



Fyrri hluti 1. kyu. Hvítt belti með brúnni rönd



Fyrir sjötta til áttunda dan eru þverröndótt rauð og hvít belti



Fyrir níunda og tíunda dan eru rauð einlit belti

